

## Reglugerð um iðkendagjald Blaksambands Íslands

### Iðkendagjald.

Stjórn BLÍ er heimilt að innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félaga blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSÍ eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ.

Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ fyrir tvö ár í senn. Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem **spila í yngri flokkum og eru 18 ára eða yngri á keppnistímabilinu.**

Iðkendagjaldið skal innheimta í tvennu lagi, 1. nóvember og 1. mars.

Stjórn BLÍ er heimilt að meina þeim félögum sem skulda iðkendagjaldið þátttöku í mótum á vegum BLÍ. Slíka ákvörðun skal tilkynna viðkomandi félagi með a.m.k. viku fyrirvara.

*Samþykkt á 46. ársþingi BLÍ 4. mars 2018*